

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 30. júlí 2018
UST201806-136/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag – Jarðböðin við Mývatn - breytingartillaga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 11. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps á svæði Jarðbaðanna.

Stærð svæðis Jarðbaða og skilgreining

Í nógildandi aðalskipulagi er svæði Jarðbaða skilgreint sem 1,9 ha. Í tillögu að breytingu er það leiðrétt að stærð þess er 6,2 ha.


Einnig er skilgreining landnotkunar breytt. Svæðið er í nógildandi aðalskipulagi skilgreint sem þjónustusvæði, en er í tillögunni skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu.


Meðhöndlun affallsvatns

Í greinargerð tillögu að breyttu aðalskipulagi kemur fram að það er stefna sveitarstjórnar að setja skuli sérstaka skilmála um fráveitu og hreinsun skólps í deiliskipulag fyrir Jarðböðin, í samræmi við reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár 2. mg. 7. gr.

Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að skv. niðurstöðum Ísor um prófun ferilefna í niðurdælingaholu, kemur skýrt fram að affallsvatn sem dælt er niður í niðurdælingaholu LUD12 er að dreifa sér á vöktunarsvæðin og þar með út í Mývatn. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir þeim efnum sem eru í affallinu og einnig þarf að gera grein fyrir því hvornig koma má í veg fyrir að þau fari í grunnvatn og þar með Mývatn, sér í lagi ef um er að ræða efni sem gætu valdið neikvæðum áhrifum á lífríki Mývatns.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Verkefnisstjóri